

VERKEFNASAMNINGUR

Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579 verkkaupar og Þráinn Hauksson kt. 300857-3299, Kári Eiríksson (070365-) og Sigríður Magnúsdóttir (260362-) verksalar gera með sér eftirfarandi verksamning.

1.grein

Skilgreining verkefnisins.

Verksalar mynda faglegan ráðgjafahóp til að meta hverfisþéttingu Hafnarfjarðar og þá möguleika sem kunna að vera til staðar í grónum hverfum bæjarins, í samræmi við verkefnislýsingu.

2.grein

Verklýsing

Verkefnislýsing var samþykkt í Skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar 14. október 2014.

3.grein

Tímasetning

Drög að skýrslu með niðurstöðum skulu liggja fyrir eigi síðar en 1.mars 2015.

Endanleg skýrsla skal liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl 2015.

Tímasetningar þessar miðast við að ekki verði breyting á forsendum af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, og að ekki verði óeðlilegar tafir vegna umfjöllunar um tillöguna í ráðum og nefndum.

4.grein

Skipulagsgögn sem verkkaupi leggur til

- Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.
- Frumathuganir sem unnar hafa verið á þéttingarsvæðum.
- Gögn af kynningarfundu um svæðiþar sem við á.
- Ljósrit af tækniblöðum sem til eru.
- Afrit af skipulagsáætlunum aðliggjandi svæða.


Á tölvutæku formi:

- Loftmynd af svæðunum.
- Gildandi deiliskipulag af svæðunum.
- Grunnkort með hæðarlínugrunni.
- Kort yfir stofnlagnir.
- Ljósmyndir af svæðunum á disk.

5.grein

Verkefnisstjóri og fulltrúi

Fulltrúi Hafnarfjarðar og tengiliður vegna skipulagsins er sviðsstjóri Bjarki Jóhannesson.



HAFNARFJARÐARBÆR Skipulags- og byggingarsvið

6.grein

Starfsfólk

Þráinn Hauksson, Sigríður Magnúsdóttir og Kári Eiríksson.

7.grein

Þóknun og greiðslur

Áætlað umfang er 250 vinnustundir á hvern ráðgjafa og skiptist í verkþætti sbr fylgiskjal. Þóknun fyrir verkið greiðist samkvæmt tímaskýrslu hvers og eins, tímagjald kr. 13.500 kr/klst, allt að kr. 3.375.000 á ráðgjafa án vsk. Þessi upphæð miðast við að ekki verði um breyttar forsendur að ræða af hendi Hafnarfjarðarbæjar, eða aðrar breytingar sem krefjast aukinnar vinnu við verkefnið. Verði um það að ræða, eða viðbót við verkið, skal samið um greiðslur fyrir það sérstaklega og miðað við sama tímagjald. Skal viðauki samþykktur í Skipulags- og byggingarráði. Sama gildir ef ráðgjafahópurinn óskar eftir að fá aðra sérfræðinga að verkinu, þá skal það fara til umfjöllunar Skipulags- og byggingarráðs og gerður um það viðbótarsamningur ef samþykkt fæst.

8.grein

Kostnaður

Verkkaupi greiðir auk þess eftitalinn kostnað vegna verkefnisins: Aksturskostnaður verksala vegna verkefnisins greiðist gegn reikningi skv. gjaldskrá fjármálaráðuneytisins hverju sinni. Verkkaupi greiðir sérstaklega fyrir kostnað vegna fjölföldunar og annan kostnað sem hlýst af gerð sérstakra vinnslu- kynningar- og skilagagna.

9.grein

Samningsgögn

Til grundvallar þessum samningi liggur IST 35.

10.grein

Eigna- og afnotaréttur


Verkkaupi er eigandi úrvinnslugagna sem verða til við vinnslu verkefnisins. Verkkaupa er heimilt að nota gögnin í sína þágu á þann hátt sem bæjarstjórn og fulltrúar hennar ákveða, í samráði við verksala og án sérstakrar gjaldtöku. Verkkaupi og verksali hafa jafnan birtingarrétt á gögnum. Höfundarréttur er hjá verksala eins og lög gera ráð fyrir.

11.grein

Ágreiningsmál.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila um verk það sem samningur þessi fjallar um skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjaness. Kostnaður við aðgerðir samkvæmt grein þessari skal ákveðinn af dómnum sjálfum svo og hver skuli greiða þann kostnað.

Af samningi þessum eru gerð fjögur samhlóða eintök.
dags.



HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. verksala

Bjarki Jóhannesson
Sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs

Þráinn Hauksson
Landslagsarkitekt

Sigríður Magnúsdóttir
Arkitekt

Kári Eiríksson
Arkitekt